



Háskólinn á Akureyri

Endurskoðunarskýrsla fyrir 2017

## Efnisyfirlit

|       |  |    |
|-------|--|----|
| 1     | Inngangur .....                                  | 3  |
| 2     | Niðurstöður og ábendingar .....                  | 4  |
| 3     | Viðbrögð við athugasemdum .....                  | 6  |
| 4     | Fjárheimildir og rekstur .....                   | 8  |
| 4.1   | Fjárheimildir .....                              | 8  |
| 4.2   | Rekstraráætlun.....                              | 8  |
| 4.3   | Niðurstöður/ábendingar .....                     | 9  |
| 5     | Innra eftirlit.....                              | 10 |
| 5.1   | Inngangur .....                                  | 10 |
| 5.2   | Umfjöllun .....                                  | 10 |
| 6     | Fylgni við lög og reglur.....                    | 11 |
| 6.1   | Inngangur .....                                  | 11 |
| 6.1.1 | Ferðakostnaður.....                              | 11 |
| 6.1.2 | Risna.....                                       | 11 |
| 6.1.3 | Opinber innkaup .....                            | 11 |
| 6.1.4 | Innkaupakort.....                                | 11 |
| 6.1.5 | Láns- og reikningsviðskipti .....                | 11 |
| 6.1.6 | Styrkir.....                                     | 12 |
| 6.1.7 | Virðisaukaskattur og endurgreiðslur .....        | 12 |
| 6.2   | Niðurstöður .....                                | 12 |
| 7     | Endurskoðun rekstrarliða .....                   | 13 |
| 7.1   | Sértekjur.....                                   | 13 |
| 7.2   | Launagjöld.....                                  | 14 |
| 7.3   | Önnur rekstrargjöld.....                         | 14 |
| 7.4   | Rannsóknamiðstöð ferðamála .....                 | 15 |
| 7.5   | Niðurstöður .....                                | 15 |
| 8     | Endurskoðun efnahagsliða .....                   | 16 |
| 8.1   | Eignir .....                                     | 16 |
| 8.1.1 | Áhöld og búnaður .....                           | 16 |
| 8.1.2 | Eignarhlutar í öðrum félögum.....                | 17 |
| 8.1.3 | Viðskiptakröfur og aðrar kröfur .....            | 17 |
| 8.1.4 | Tengdir aðilar, ríkissjóður .....                | 18 |
| 8.1.5 | Vörslufé.....                                    | 18 |
| 8.1.6 | Handbært fé.....                                 | 18 |
| 8.2   | Eigið fé og skuldir .....                        | 19 |
| 8.2.1 | Höfuðstóll .....                                 | 19 |
| 8.2.2 | Tengdir aðilar, ríkissjóður .....                | 19 |
| 8.2.3 | Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir ..... | 19 |
| 8.2.4 | Vörslufé.....                                    | 19 |
| 8.2.5 | Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda .....   | 19 |
| 8.3   | Niðurstöður/ábendingar .....                     | 20 |
| 9     | Önnur atriði .....                               | 21 |
| 9.1   | Samþykkt ársreiknings .....                      | 21 |
| 9.2   | Staðfestingarbréf stjórnenda .....               | 21 |
| 9.3   | Lögfræðibréf .....                               | 21 |
| 9.4   | Óhæðisyfirlýsing.....                            | 21 |
| 9.5   | Umfang endurskoðunar, yfirlýsing.....            | 21 |

# 1 Inngangur

Ríkisendurskoðun hefur lokið endurskoðun ársreiknings Háskólans á Akureyri fyrir árið 2017.

Ársreikningurinn er byggður á bókhaldi háskólans og öðrum upplýsingum stjórnenda. Ríkisendurskoðun vekur athygli á því að stjórnendur háskólans eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu reikningsskila og jafnframt ábyrgir gagnvart notendum reikningsskilanna. Þetta felur meðal annars í sér að bókhald og fjárhagslegt eftirlit sé fullnægjandi, að réttum reikningsskilareglum sé fylgt og að viðunandi innra eftirlit hafi verið innleitt og skjalfest.

Endurskoðað var á grundvelli alþjóðlegra staðla um opinbera endurskoðun. Byggt er á skipulögðu ferli aðgerða og faglegu mati sem miðar að því að staðfesta fjárhæðir og aðrar upplýsingar í ársreikningnum. Endurskoðunin fól meðal annars í sér áhættugreiningu og áhættumat ásamt almennum greiningaraðferðum og úrtakskönnunum og athugunum á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem fram koma í ársreikningnum.

Í samræmi við 5. grein laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga tók endurskoðunin mið af eftirfarandi:

- ✓ Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila.
- ✓ Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.
- ✓ Að rekstur og umsvif séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirmæli, samninga og starfsvenjur þar sem það á við.

Ársreikningur Háskólans á Akureyri var síðast endurskoðaður 2016 vegna ársins 2015.

## 2 Niðurstöður og ábendingar

Endurskoðun hjá Háskólanum á Akureyri fyrir árið 2017 er lokið. Eftirfarandi ábendingum og athugasemdum er komið á framfæri vegna endurskoðunar ársins 2017.

### 1. Innra eftirlit

Eftirlitsumhverfi er fyrir hendi hjá Háskólanum á Akureyri en mikilvægt er að bæta það með tilliti til stærðar og umfangs háskólans. Samkvæmt upplýsingum frá háskólanum er handbók um innra eftirlit í vinnslu sem mun ná yfir alla starfsemi skólans. Ítrekaðar eru fyrri ábendingar um að gæta þurfi að skipulagi og innri eftirlitsaðgerðum sem tengjast aðgreiningu starfa á fjármálasviði, tekjuskráningu og takmörkun á skráningaraðgangi í bókhaldskerfi skólans við þá vinnu. Verið er að innleiða tímaskráningarkerfi hjá háskólanum. Innkaupastefna hefur verið skjalfest en skjalfesta þarf þær verklagsreglur sem gilda við innkaupin.

### 2. Fylgni við lög og reglur

Ekki verður annað séð en að Háskólinn á Akureyri fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta. Þó er ítrekuð fyrri ábending um að almennt hafi sú regla verið í gildi hjá ríkisstofnunum að greiða ekki dagpeninga heldur útlagðan kostnað vegna ferðalaga innanlands.

### 3. Rekstrarliðir

Almennt verður ekki annað séð en að vel sé staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði. Engu að síður er lagt til að innbyrðis viðskipti tekna og gjalda verði merkt með viðeigandi hætti í færslulínu þannig að reikningsskil háskólans endurspegli rekstur háskólans án innbyrðis viðskipta.

Sérstaklega þarf að taka til skoðunar hvernig rekstur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála skuli bókaður í bókhaldi skólans auk þess að endurskoða þyrfti samning um Rannsóknamiðstöð ferðamála, m.a. með tilliti til hvernig rekstrarfyrirkomulagi, stjórnun og kostnaðarskiptingu skuli vera háttað.

Óskað er eftir að formleg afstemming sé gerð vegna innheimtu innritunargjalda.

### 4. Eignahlutir í öðrum félögum

Athugasemd er gerð við að ekki liggi fyrir formlegt samþykki frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Þekkingarvarða ehf. Jafnframt er gerð athugasemd við greiðslu háskólans til Þekkingarvarða ehf. að fjárhæð 700 þús. kr. vegna kaupa á tækjum fyrir Orkuskólann á árinu 2005. Bent er á að fjárhagslegt tjón háskólans vegna Orkuskólans var umtalsvert. Háskólinn á Akureyri færði niður kröfu í bókhaldi sínu á hendur Orkuvörðum ehf., sem ráku Orkuskólann, um 15,7 m.kr. sem svo var endanlega afskrifuð í bókhaldi skólans á árinu 2018. Þá var allt hlutafé háskólans hjá Þekkingarverði ehf. að fjárhæð 13,0 m.kr. fært niður á árinu 2016 og kröfu háskólans að fjárhæð 1,5 m.kr. breytt í hlutafé við fjárhagslega endurskipulagningu Þekkingarvarða ehf.

## 5. Viðskiptakröfur og skuldir

Óskað er eftir að viðeigandi leiðréttingar verði gerðar vegna afskrifaðra krafna bæði í fjárhagsbókhaldi og viðskiptamannabókhaldi. Jafnframt er óskað eftir að aðrar viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir verði yfirfarnar og viðeigandi ráðstafanir gerðar vegna þeirra.

## 6. Vörslufé

Með vörslufé er átt við fjármuni sem stofnanir ríkissjóðs eru með í vörslu sinni og eru utan við hefðbundinn rekstur. Fara þarf yfir vörslufé skólans m.t.t. þessa og gera viðeigandi ráðstafanir, ef ekki er um vörslufé að ræða. Sérstaklega er gerð athugasemd við stöðu vegna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála að fjárhæð 46,5 m.kr. en um er að ræða uppsafnað framlag til Rannsóknamiðstöðvarinnar. Ríkisendurskoðandi telur ekki rétt að færa þetta með þessum hætti í bókhaldi skólans og ítrekar fyrri athugasemdir sína um málið. Í reikningskilum A-hluta stofnana tíðkast ekki að fresta tekjufærslu ríkisframlags milli ára.

## 3 Viðbrögð við athugasemdum

Eftirfarandi viðbrögð bárust frá Háskólanum á Akureyri vegna ábendinga og athugasemda sem gerðar eru vegna endurskoðunar ársins 2017 í þessari skýrslu, sjá niðurstöður í kafla 2.

### 1. Innra eftirlit

*Bæta þarf eftirlitsumhverfi með tilliti til stærðar og umfangs háskólans.* „Frá 1. janúar 2019 tekur í gildi nýr tekjuferill þar sem að fullu er gætt að aðgreiningu starfa á fjármálasviði. Verklagsreglur (þ.m.t. innkaupastefna) og leiðbeiningar sem varða innra eftirlit, þar sem tekið er tillit til stærðar skólans, eru í endurskoðun og verða að því loknu birtar á innri vef skólans eins og við á.“

### 2. Fylgni við lög og reglur

*Almennt hefur sú regla gilt hjá ríkisstofnunum að greiða ekki dagpeninga heldur útlagðan kostnað vegna ferðalaga innanlands.* „Dagpeningar innanlands eru nær eingöngu greiddir þegar um er að ræða útselda sérfræðivinnu á vegum eininga sem reknar eru fyrir sjálfsaflafé. Hér er helst um að ræða Miðstöð skólaþróunar skv. samningi við viðkomandi kaupanda þjónustu sem síðan endurgreiðir dagpeningana. Í undantekningartilvikum hafa Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri (RHA), Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) og sérstök ytri rannsóknarverkefni greitt dagpeninga innanlands vegna ákvæða í samningi við kaupanda þjónustunnar eða skv. ákvæðum í samningi um rannsóknarstyrk.“

### 3. Rekstrarliðir

*Bæta þarf skráningu innbyrðis viðskipta í reikningsskilum þannig að reikningsskil háskólans endurspegli rekstur háskólans án innbyrðis viðskipta.* „Öll innbyrðis viðskipti tekna og gjalda eru færð í sérstökum fylgiskjalaflokki sem heitir „GL-Innbyrðis“. Fjármálasviðinu er ekki kunnugt um neina aðra aðferð við að bóka innbyrðis viðskipti. Háskólinn á Akureyri muna óska eftir frekari leiðbeiningum frá Ríkisendurskoðun og Fjársýslu Ríkisins svo unnt sé að verða við þessari ábendingu.“

*Taka þarf til skoðunar hvernig rekstur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála skuli bókaður í bókhaldi skólans auk þess að endurskoða þyrfti samning um Rannsóknamiðstöð ferðamála.* „Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) er sérstakt viðfang í bókhaldi Háskólans á Akureyri (02210-11300) og því haldið sérstaklega utan um rekstur RMF. Framlög RMF eru hluti af fjárframlagi til háskólans og er ekki sundurliðað í skráningu framlaga hjá FJS. Ákvörðun um þetta fyrirkomulag var tekin af ráðuneytum menntamála og fjármála á sínum tíma. Hlutur RMF er því bókað með tilfærslum (GL-innbyrðis) á rétt viðfang en skv. samningi Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Háskólans á Hólum er bókhald RMF hluti af bókhaldi Háskólans á Akureyri. Framlag háskólanna þriggja til RMF er einnig skilgreint í þeim samningi. Vinna við endurskoðun samningsins er hafin á vegum samráðsnefndar þar sem sérstaklega verður fjallað um þá þætti sem varða framtíðarfyrirkomulag fjármála, rekstrar og yfirstjórnar verkefnisins.

*Óskað er eftir að afstemming verði gerð vegna innheimtu innritunargjalda.* „Frá og með 1. janúar 2019 verður gerð mánaðarlega formleg afstemming vegna innheimtu innritunargjalda (innheimt

innritunargjöld vs. fjöldi nemenda) þar sem fram kemur fjöldi nemenda sem greiða fullt gjald annars vegar og fjöldi nemenda sem greiða afsláttargjald hins vegar.“

#### 4. Eignarhlutir í öðrum félögum

*Gerð er athugasemd vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Þekkingarvarða ehf. „Fjármálaskrifstofa menntamálaráðuneytis var að fullu upplýst um uppgjör og endurskipulagningu Þekkingarvarða ehf. og fengu viðeigandi gögn. Í ljósi athugasemda Ríkisendurskoðunar er Háskólinn á Akureyri í samskiptum við menntamálaráðuneyti um hvort tilefni sé til skriflegrar staðfestingar ráðuneytisins á samþykki þess efnis að 1,5 m.kr. kröfu hafi verið breytt í hlutafé í Þekkingarverði ehf. á árinu 2017.“*

#### 5. Viðskiptakröfur og skuldir

*Óskað er eftir leiðréttingu vegna afskrifaðra krafna bæði í fjárhagsbókhaldi og viðskiptamannabókhaldi og að farið verði yfir aðrar viðskiptakröfur og viðskiptaskuldir. „Færsla að upphæð 2.870.674.- hefur verið færð á rétta tegund með dagsetningu 1.1.2018. Vegna krafna sem afskrifaðar voru á árinu 2016 í eldra kerfi þá er enn verið að leita leiða í samvinnu við Advania til að gera viðeigandi leiðréttingar þannig að eftirstöðvalisti AR verði réttur og í samræmi við GL hluta Orra.“*

#### 6. Vörslufé

*Fara þarf yfir vörslufé skólans og gera viðeigandi ráðstafanir ef ekki er um vörslufé að ræða. „Háskólinn á Akureyri tekur undir athugasemdir Ríkisendurskoðunar um vörslufé fyrir Rannsóknamiðstöð ferðamála sem tengist fjárheimildum þess verkefnis vegna A-hluta framlaga. Unnið verður með forstöðumanni miðstöðvarinnar að því að slík uppsöfnun eigi sér ekki stað á milli næstu fjárhagsára jafnframt því sem að form miðstöðvarinnar/verkefnisins verður rætt við endurskoðun samningsins, líkt og fram kemur í grein 3 hér að ofan.“*

## 4 Fjárheimildir og rekstur

### 4.1 Fjárheimildir

Fjárveitingar samkvæmt orðskýringum í 5. tl. 3. gr. laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF) eru ráðstöfun fjárheimildar á tilteknu fjárlagaári til ríkisaðila, verkefna eða varasjóðs. En fjárheimild er heimild Alþingis, sem veitt er í fjárlögum og fjárukalögum, til ráðstöfunar á opinberu fé til málefnasviða og málaflokka.

Fjárveiting ársins 2017 til Háskólans á Akureyri nam 2.159,7 m.kr. eins og fram kemur í fylgiriti með fjárlögum 2017. Til lækkunar kemur breyting vegna fjárfestinga og afskrifta 44,0 m.kr. Launabætur námu 1,9 m.kr. Endanlegar fjárveitingar skólans urðu því 2.117,6 m.kr. á árinu 2017.

Eftirfarandi tafla sýnir samanburð á fjárveitingum og rekstri á árinu 2017 og rekstri árið 2016:

| Í þús. kr.          | Fjárveiting<br>2017 | Rekstur<br>2017  | Frávik<br>2017 | Rekstur<br>2016  |
|---------------------|---------------------|------------------|----------------|------------------|
| Sértekjur           | -576.600            | -629.944         | 53.344         | -626.332         |
| Launagjöld          | 1.690.900           | 1.969.181        | -278.281       | 1.757.773        |
| Önnur rekstrargjöld | 934.736             | 652.496          | 282.240        | 605.945          |
| Rekstrartilfærslur  | 68.600              | 95.162           | -26.562        | 102.704          |
| Aðrar tilfærslur    | 0                   | 6.859            | -6.859         | 0                |
| <b>Samtals</b>      | <b>2.117.636</b>    | <b>2.093.753</b> | <b>23.883</b>  | <b>1.840.089</b> |

Helstu breytingar á rekstrarliðum frá fyrra ári er hækkun launagjalda um 211,4 m.kr. Stærstu frávik í fjárveitingum eru í launagjöldum og öðrum rekstrargjöldum en launagjöld voru 278,3 m.kr. hærrí en fjárveitingar á meðan að önnur rekstrargjöld voru um 282,2 m.kr. lægri en fjárveitingar gerðu ráð fyrir.

Á árinu voru gerðar grundvallarbreytingar á reikningshaldslegri meðferð varanlegra rekstrarfjármuna og eignakaupa. Í stað þess að gjaldfæra keyptar eignir á kaupári eru þær nú eignfærðar og afskriftir gjaldfærðar

### 4.2 Rekstraráætlun

Lögð er áhersla á að vandað sé til við gerð rekstraráætlunar, hún sé skráð í fjárhagskerfið og reglulega fylgst með því hvort gjöld og tekjur séu í samræmi við áætlun ársins. Rekstraráætlun Háskólans á Akureyri fyrir árið 2017 var skráð í fjárhagskerfi ríkisins. Hjá háskólanum er mánaðarlega farið yfir rekstraráætlun og rauntölur fjárlagaliðarins, frávik greind og þau skýrð m.a. á fundum framkvæmdastjórnar, háskólaskrifstofufundum og fundum Háskólaráðs. Við áætlanagerð ársins 2019 hefur verið tekið upp breytt verklag þar sem leitast er við að gera áætlun í takt við þær mánaðarlegu sveiflur sem eru í rekstri háskólans.



### 4.3 Niðurstöður/ábendingar

Tekjuafgangur ársins 2017 bætist við uppsafnaðan tekjuafgang fyrri ára. Uppsafnaður tekjuafgangur fyrri ára nam 20,6 m.kr. Í árslok nam uppsafnaður tekjuafgangur 44,5 m.kr. en hækkun frá fyrra ári skýrist af tekjuafgangi ársins 2017, alls 23,9 m.kr. Rekstraráætlanir eru skráðar í fjárhagskerfi ríkisins og yfirfarnar reglulega, bornar saman við rauntölur og skýringa leitað á frávikum.

## 5 Innra eftirlit

### 5.1 Inngangur

Rektor Háskólans á Akureyri ber ábyrgð á framkvæmd innra eftirlits. Innra eftirlit felur í sér þær reglubundnu aðgerðir og ráðstafanir sem hlutaðeigandi aðili gerir til að stuðla að hagkvæmni rekstrar, öryggi fjármuna, áreiðanleika upplýsinga og almennt að því að markmiðum starfseminnar verði náð og fylgt sé lögum og reglum.

Ríkisendurskoðun ber skv. lögum að kanna innra eftirlit og meta hvort það tryggir viðunandi árangur.

### 5.2 Umfjöllun

Skipulag innra eftirlits er fyrir hendi hjá Háskólanum á Akureyri en að mati ríkisendurskoðanda er mikilvægt að bæta það með tilliti til stærðar og umfangs háskólans. Samkvæmt upplýsingum er handbók um innra eftirlit hjá háskólanum í vinnslu sem mun ná yfir alla starfsemi skólans. Ítrekað er að við þá vinnu verði sérstaklega gætt að skipulagi og innri eftirlitsaðgerðum sem tengjast aðgreiningu starfa á fjármálasviði, tekjuskráningu og takmörkun á skráningaraðgangi í bókhaldskerfi háskólans. Samkvæmt upplýsingum frá háskólanum er verið að innleiða tímaskráningarkerfið Vinnustund en vonast er til að innleiðingu á kerfinu verði lokið á árinu 2019.

Skipurit er til fyrir Háskólann á Akureyri og ýmis stefnuskjöl. Innkaupastefna hefur verið sett en hún er þó ekki aðgengileg á vefsíðu háskólans.

## 6 Fylgni við lög og reglur

### 6.1 Inngangur

Við fjárhagsendurskoðun ber að kanna hvort rekstur stofnunar hafi verið í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmæt fyrirsmæli, samninga og þar sem það á við. Fjallað er sérstaklega um fjárheimildir og rekstraráætlun í kafla 4.

#### 6.1.1 Ferðakostnaður

Greitt er fyrir ferðakostnað hjá Háskólanum á Akureyri á grundvelli ferðabreiðna. Almennt er útlagður kostnaður starfsmanna greiddur vegna ferðalaga innanlands en í ákveðnum tilvikum eru greiddir dagpeningar. Greiddir eru dagpeningar vegna ferðalaga starfsmanna erlendis og fargjöld eru greidd beint af háskólanum eða endurgreidd til starfsmanna samkvæmt kvittun. Við greiðslu dagpeninga vegna rannsókn- og starfsþjálfunarleyfa gilda sérstakar reglur en greiðslur miðast þá við þjálfunardagpeninga. Ítrekað er, eins og fram kom við síðustu endurskoðun á háskólanum, að almennt hefur sú regla verið í gildi hjá ríkisstofnunum að greiða ekki dagpeninga heldur útlagðan kostnað vegna ferðalaga innanlands, sjá reglur nr. 1/12009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

#### 6.1.2 Risna

Rektor samþykkir alla risnu fyrirfram og fær til samþykktar reikninga vegna risnu. Með risnureikningi koma fram upplýsingar um tilefni risnu og hverjir nutu hennar en sérstakt eyðublað er á innra neti skólans til að sækja um risnu.

#### 6.1.3 Opinber innkaup

Innkaupastefna hefur verið sett fyrir Háskólann á Akureyri en hún hefur þó ekki verið birt á vefsíðu skólans. Samkvæmt innkaupastefnunni skal alltaf leita hagstæðustu leiða við innkaup m.a. með því að nýta rannsókn- og starfsþjálfunarleyfa gilda sérstakar reglur en greiðslur miðast þá við þjálfunardagpeninga. Ítrekað er, eins og fram kom við síðustu endurskoðun á háskólanum, að almennt hefur sú regla verið í gildi hjá ríkisstofnunum að greiða ekki dagpeninga heldur útlagðan kostnað vegna ferðalaga innanlands, sjá reglur nr. 1/12009 um greiðslu ferðakostnaðar vegna ferðalaga á vegum ríkisins.

#### 6.1.4 Innkaupakort

Háskólinn á Akureyri nýtir innkaupakort við ýmis innkaup og þá einkum vegna smærri innkaupa, kaupa á erlendum áskriftum og flugfargjöldum. Sex starfsmenn hafa kreditkort með tilteknum upphæðatakörkum vegna innkaupa og tveir starfsmenn hafa flugkort vegna kaupa á fargjöldum innanlands. Staða innkaupakorta var skoðuð í lok árs og var án athugasemda.

#### 6.1.5 Láns- og reikningsviðskipti

Háskólinn á Akureyri er ekki með kaupleigu- eða fjármögunarleigusamninga.

### 6.1.6 Styrkir

Styrkir sem Háskólinn á Akureyri veitir eru einkum til nemendafélaga Háskólans á Akureyri og til nemenda eða annarra aðila vegna styrkja sem Háskólinn á Akureyri hefur fengið m.a. í gegnum Erasmus+. Á árinu 2017 voru endurgreiddir styrkir til nokkurra erlendra aðila.

Í bókhaldi Háskólans á Akureyri er töluvert fært á tilfærslur sem í raun eru ekki eiginlegir styrkir heldur er um færslur vegna innbyrðis viðskipta að ræða.

### 6.1.7 Virðisaukaskattur og endurgreiðslur

Bókun og kóðun færslna reikninga sem bera VSK eru í samræmi við fyrirmæli Fjársýslu ríkisins. Gerð er skýrsla og send Ríkisskattstjóra á tveggja mánaða fresti þar sem endurkræfur virðisaukaskattur er innheimtur. Auk þess gerir Rannsóknamiðstöð Háskólans á Akureyri skil á tveggja mánaða fresti til Ríkisskattstjóra en rannsóknamiðstöðin innheimtir hluta af sínum tekjum með virðisaukaskatti.

## 6.2 Niðurstöður

Ekki verður annað séð en að Háskólinn á Akureyri fylgi lögum og reglum sem almennt gilda um fjárreiður og bókhald ríkisstofnana í A-hluta. Ítrekuð er fyrri ábending um að almennt hafi sú regla verið í gildi hjá ríkisstofnunum að greiða ekki dagpeninga heldur útlagðan kostnað vegna ferðalaga innanlands. Innkaupastefna hefur verið skjalfest en skjalfesta þarf þær verklagsreglur sem gilda við innkaupin.

## 7 Endurskoðun rekstrarliða

Samkvæmt yfirliti um afkomu ársins 2017 námu tekjur Háskólans á Akureyri að frátöldu framlagi ríkissjóðs 656,1 m.kr. og gjöld að meðtöldum fjármagnsliðum námu 2.723,5 m.kr., sjá sundurliðun í neðangreindri töflu.

| Í þús.kr.                                  | 2017      | 2016      | Breyting |
|--|-----------|-----------|----------|
| <b>Tekjur:</b>                             |           |           |          |
| Innritunargjöld                            | 171.152   | 158.091   | 13.061   |
| Seld þjónusta                              | 204.209   | 167.010   | 37.200   |
| Framlög og ýmsar tekjur                    | 254.339   | 290.760   | -36.421  |
| Tekjufærsla frestaðra tekna fyrri ára      | 26.446    | 0         | 26.446   |
|  | 656.147   | 615.861   | 40.286   |
| <b>Gjöld:</b>                              |           |           |          |
| Laun og launatengd gjöld                   | 1.955.591 | 1.757.773 | 197.818  |
| Orlofsskuldbinding                         | 13.589    | 0         | 13.589   |
| Aðkeypt þjónusta, ferðakostn. og akstur    | 316.864   | 290.043   | 26.822   |
| Vörukaup                                   | 74.295    | 66.229    | 8.066    |
| Húsaleiga og annar kostnaður v/húsnæðis    | 234.765   | 202.062   | 32.702   |
| Tilfærslur                                 | 95.162    | 102.704   | -7.542   |
| Eignakaup, fyrningar                       | 26.446    | 34.407    | -7.961   |
| Tapaðar kröfur, fjármagnsliðir, tilfærslur | 6.741     | 2.733     | 4.008    |
|  | 2.723.454 | 2.455.951 | 267.503  |

### 7.1 Sértekjur

Sértekjur námu 656,1 m.kr. á árinu 2017 og hækkuðu um 40,2 m.kr. frá fyrra ári. Hækkun milli ára skýrist einkum af hækkun innritunargjalda þar sem nemendum fjölgaði milli ára og tekjufærslu fjárfestingarframlags sem færð var í fyrsta sinn á árinu 2017 í tengslum við innleiðingu LOF.

Við skoðun tekna kom í ljós að hluti þeirra er í raun vegna innbyrðis viðskipta. Slík viðskipti eru færð í sérstökum færsluflokki en færslur hafa ekki verið merktar í færslulínu sem innbyrðis viðskipti. Ítrekuð eru fyrri tilmæli til háskólans að færslur vegna innbyrðis viðskipta verði merktar sem slíkar þannig að reikningsskil háskólans eins og þau birtast í ríkisreikningi endurspegli rekstur skólans án innbyrðis viðskipta.

Innritunargjöld eru innheimt í gegnum nemendavefinn Uglu en upplýsingar um greiðslur uppfærast í gegnum Reiknistofu bankanna. Ekki eru gerð sérstök uppgjör vegna innheimtunnar þar sem fjöldi nemenda í háskólanum og innheimt innritunargjöld eru borin saman og stemmd af. Við innheimtu tekna annarra en innritunargjalda er AR hluti Orra einkum notaður. Haldið er utan um alla þjónustusamninga sem Háskólinn gerir á fjármálasviði til að tryggja að reikningar séu gerðir vegna þjónustu sem háskólinn veitir á grundvelli slíkra samninga. Reikningar vegna

námskeiða og ráðstefnugjalda á vegum Símenntunar Háskólans eru gerðir í sérstöku forriti, Stefaníu sem svo eru handfærðir í fjárhagshluta Orra. Námskeið, ráðstefnugjöld, vottorð og próftökugjöld eru innheimt með posavélum sem gerðir eru upp vikulega og skráðir í fjárhagsbókhald. Ítrekuð er fyrri ábending um að mikilvægi þess að reikningar séu gefnir út í viðurkenndum tekjuskráningarkerfum. Óskað er eftir að formleg afstemming verði gerð á innheimtum innritunargjöldum og fjölda nemenda í háskólanum þannig að tryggt sé að innritunargjöld skili sér örugglega til háskólans.

## 7.2 Launagjöld

Launagjöld voru endurskoðuð með fyrirspurnum og greiningum. Ekki var gerð úrtaksskoðun á launum ársins 2017.

Fjársýsla ríkisins sér um útreikning launa en launaafgreiðsla fer fram innan háskólans. Að baki launagreiðslum eru ráðningarsamningar og vinnuskýrslur. Rektor háskólans skrifar að jafnaði undir ráðningarsamninga en heimild er í reglum nr. 387/2009 um Háskólann á Akureyri fyrir framkvæmdastjóra að skrifa undir ráðningarsamninga ef svo ber undir.

Rafrænt tímaskráningarkerfi hefur ekki verið notað innan Háskólans á Akureyri til að halda utan um viðveru og fjarveru starfsmanna. Starfsmenn í kennslu sinna ákveðinni kennsluskyldu auk rannsóknavinnu sem haldið er utan um í kerfishlutanum Kol innan Uglukerfisins. Um er að ræða hugbúnað sem bæði Háskóli Íslands og Háskólinn á Akureyri nota. Aðrir starfsmenn skila mánaðarlegum vinnuskýrslum sem yfirmaður þeirra samþykkir. Haldið er utan um fjarvistir allra starfsmanna á sérstöku skráningareyðublaði frá Fjársýslu ríkisins.

Samkvæmt upplýsingum frá háskólanum er nú verið að innleiða tímaskráningarkefið Vinnustund hjá háskólanum. Þar skrá starfsmenn fjarvistir og vinnutíma utan hefðbundins vinnutíma. Yfirmenn yfirfara og samþykkja skráninguna mánaðarlega. Áætlað er að allar einingar stoðþjónustu og stjórnýslu háskólans verði komnar í kerfið um næstu áramót. Áfram verður notast við Uglukerfið til að halda utan um starfsskyldur kennara. Stefnt er að því að kennarar skrái fjarvistir og orlof í Vinnustund þegar fram líða stundir og vonast er til að innleiðingu verði lokið á árinu 2019.

## 7.3 Önnur rekstrargjöld

Reikningar vegna annarra rekstrargjalda eru samþykktir af sviðsforseta eða forstöðumanni þeirrar rekstrareiningar sem útgjöldin tilheyra. Ferðareikningar eru einnig samþykktir af framkvæmdastjóra eða fjármálastjóra. Reikningar sem berast rafrænt fara til rafrænnar samþykktar en verkefnastjóri bókhalds fylgist með samþykki rafrænna reikninga. Rektor samþykkir alla risnu fyrirfram og fær til samþykktar reikninga rektorsskrifstofu og næstu undirmanna. Eins og fram hefur komið hafa reglur um samþykkt reikninga ekki verið skjalfestar.

Við skoðun annarra rekstrargjalda kom í ljós að hluti þeirra er í raun vegna innbyrðis viðskipta en slík viðskipti eru færð í sérstökum færsluflokki með mótbókun á innbyrðis tekjur. Ítrekuð eru sömu tilmæli hér og fram koma í kafla 7.1 hér að framan um sértekjur að reikningsskil háskólans, eins og þau birtast í ríkisreikningi, endurspegli rekstur skólans án innbyrðis viðskipta.

Fylgiskjöl vegna ársins 2017 voru ekki skönnuð í bókhaldi Háskólans á Akureyri. Samkvæmt upplýsingum háskólans er nú búið að setja upp tvo skanna á fjármálasviði og er rafræn skönnun fylgiskjala orðin hluti af starfi bókara en ekki er gert ráð fyrir að innleiðingu ljúki að fullu fyrr en um mitt ár 2019.

## 7.4 Rannsóknamiðstöð ferðamála

Samningur er milli Háskólans á Akureyri, Háskóla Íslands og Hólaskóla – Háskólans á Hólum um rekstur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála sem er miðstöð rannsókna, fræðslu og samstarfs í greinum sem tengjast ferðamálum. Í bókhaldi skólans er haldið um rekstur Rannsóknamiðstöðvarinnar á sérstöku rekstrarviðfangsefni þar sem tekjur og gjöld vegna rannsóknamiðstöðvarinnar eru færð. Gerð er innbyrðis tekjufærsla á rekstrarviðfang rannsóknamiðstöðvarinnar vegna framlags Háskólans á Akureyri til Rannsóknamiðstöðvar ferðamála en framlagið er ekki aðskilið í heildarfjárveitingu til háskólans. Auk þess hefur uppsafnað ónotað framlag vegna Rannsóknamiðstöðvarinnar verið fært meðal vörslufjár háskólans.

Ríkisendurskoðandi telur ekki rétt að færa framlag vegna Rannsóknamiðstöðvarinnar með þessum hætti í bókhaldi skólans og ítrekar fyrri athugasemdir sínar um málið. Ekki er eðlilegt að gera tekjufærslu vegna framlags Háskólans með þeim hætti sem gert er og ekki hefur tíðkast að fresta tekjufærslu ríkisframlags milli ára, þ.e. ónotuðu framlagi vegna Rannsóknamiðstöðvarinnar milli ára. Ítrekuð er fyrri ábending um að eðlilegt gæti verið að stofna sérstakt fjárlagaviðfang til að halda utan um rekstur og eigið fé Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Nauðsynlegt er að samningur háskólanna þriggja verði tekinn til endurskoðunar þannig að það komi skýrt fram hver aðkoma háskólanna væri að Rannsóknamiðstöð ferðamála þar með talið hvernig stjórnun og kostnaðarskiptingu milli háskólanna skuli vera háttað.

## 7.5 Niðurstöður

Almennt verður ekki annað séð en að vel sé staðið að umsýslu varðandi rekstrarliði. Engu að síður er lagt til að innbyrðis viðskipti tekna og gjalda verði merkt með viðeigandi hætti í færslulínu þannig að reikningsskil háskólans, eins og þau birtast í ríkisreikningi, endurspeglir rekstur háskólans án innbyrðis viðskipta. Sérstaklega þarf að taka til skoðunar hvernig rekstur Rannsóknamiðstöðvar ferðamála skuli bókaður í bókhaldi skólans auk þess að skoða þyrfti samning um Rannsóknamiðstöð ferðamála með tilliti til þess hvernig rekstrarfyrirkomulagi, stjórnun og kostnaðarskiptingu skuli vera háttað. Óskað er eftir að formleg afstemming verði gerð vegna innheimtu innritunargjalda.

## 8 Endurskoðun efnahagsliða

Í árslok 2017 námu eignir 615,4 m.kr., skuldir námu 570,9 m.kr. og höfuðstóll var jákvæður um 44,5 m.kr.

| Í þús.kr.                                  | 31.12.2017     | 1.1.2017       | Breyting      |
|--|----------------|----------------|---------------|
| <b>Eignir:</b>                             |                |                |               |
| Áhöld og búnaður                           | 125.488        | 81.524         | 43.964        |
| Eignarhlutar í öðrum félögum               | 2.496          | 1.000          | 1.496         |
| Viðskiptakröfur og aðrar kröfur            | 85.657         | 68.620         | 17.037        |
| Tengdir aðilar, ríkissjóður                | 105.051        | 20.435         | 84.617        |
| Vörslufé                                   | 128.626        | 134.374        | -5.748        |
| Handbært fé                                | 168.050        | 218.213        | -50.162       |
| <b>Eignir alls</b>                         | <b>615.369</b> | <b>524.166</b> | <b>91.203</b> |
| <b>Eigið fé og skuldir:</b>                |                |                |               |
| Höfuðstóll                                 | 44.499         | -84.436        | 128.934       |
| Tengdir aðilar, ríkissjóður                | 107.329        | 211.522        | -104.193      |
| Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir | 209.427        | 181.181        | 28.245        |
| Vörslufé                                   | 128.626        | 134.374        | -5.748        |
| Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda   | 125.488        | 81.524         | 43.964        |
| <b>Eigið fé og skuldir alls</b>            | <b>615.369</b> | <b>524.166</b> | <b>91.203</b> |

### 8.1 Eignir

#### 8.1.1 Áhöld og búnaður

Eignfærsla varanlegra fastfjármuna er gerð frá og með árinu 2017 ásamt öðrum breytingum í kjölfar setningar laga um opinber fjármál nr. 123/2015 (LOF). Eignir skólans eru skráðar og merktar í sérstakt eignaskráningarkerfi hjá skólanum. Auk þess eru eignakaup skólans skráð í eignaskráningarluta Orra. Yfirlit yfir áhöld og annan búnað var unnið hjá Fjársýslu ríkisins samkvæmt upplýsingum í eignakerfi fjárhagsbókhaldsins. Óútskýrður mismunur á eignaskráringarkerfi og fjárhagsbókhaldi í árslok 2017 nam kr. 7.890. Elstu skráðu eignir eru frá árinu 2010 og afskriftarhlutfall er á bilinu 10-33%. Ríkisendurskoðandi hefur ekki staðfest tilvist eigna samkvæmt yfirlitinu en rektor samþykkti yfirlitið með áritun á stofnefnahagsreikning 1. janúar 2017 og reikningsskil vegna ársins 2017. Samkvæmt upplýsingum frá skólanum er mismunur á eignaskráningu í eignaskrá skólans og fjárhagsbókhaldi en samkvæmt upplýsingum frá skólanum eru hugsanlega einhverjar skekkjur í eignaskránni sem fara þarf yfir og laga fyrir lok árs 2018. Einnig er mikilvægt að tryggja að eignaskráning í kerfunum sé í samræmi við eignaskráningarkerfi skólans.

Á árinu 2017 var keyptur nýr búnaður fyrir 70,4 m.kr. sem kemur til hækkunar á eignum og afskriftir til lækkunar námu 26,4 m.kr.



### 8.1.2 Eignarhlutar í öðrum félögum

Eignarhlutar í öðrum félögum námu tæplega 2,5 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 1,0 m.kr. í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017. Annars vegar er um að ræða óbreyttan eignahlut í Rannsókn- og háskólaneti Íslands hf. að nafnverði 1,0 m.kr., 1,9% eignahlut sem er metinn á kostnaðarverði. Hins vegar er um að ræða eignahlut í Þekkingarverði ehf. en nýtt hlutafé var gefið út á árinu 2017. Ákveðið var að breyta kröfu Háskólans á Akureyri að fjárhæð 1,5 m.kr. hjá Þekkingarverði ehf. í hlutafé. Hlutafjáreign Háskólans á Akureyri í endurskipulögðu félagi Þekkingarvarðar ehf. nam því 1.495.800 kr. í árslok sem er 49,9% eignahlutur. Eignahluturinn er metinn samkvæmt hlutdeildaraðferð í reikningsskilum skólans. Áður hafði hlutafé Þekkingarvarðar ehf. verið fært niður í núll í kjölfar gjaldþrots og skipta þrotabús Orkuvarðar ehf. í árslok 2015 en hlutur Háskólans á Akureyri nam um 13,0 m.kr. og var hann færður niður og afskrifaður á árinu 2016. Til viðbótar þessu greiddi Háskólinn á Akureyri Þekkingarverði ehf. 700 þús. kr. á árinu 2017. Um var að ræða gamla gjöf frá Góðvinum Háskólans á Akureyri sem afhent var háskólanum til að verja til kaupa á rannsóknatækjum fyrir orkuskóla sem þá var í undirbúningi. Á þeim tíma sem gjöfin var afhent hafði Þekkingarvörður ehf. umsjón með rannsóknatækjum og afhenti Orkuskólanum tækin. Umræddar 700 þús. kr. voru ekki greiddar til Þekkingarvarða á þessum tíma.

Gerð er athugasemd við að ekki hafi verið aflað formlegs samþykkis frá menntamálaráðuneyti vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Þekkingarvarða ehf. og er óskað eftir að frá því verði gengið. Almennt er ekki heimild til þess að A-hluta stofnanir fjárfesti í starfsemi sem þessari. Jafnframt er gerð athugasemd við greiðslu skólans til Þekkingarvarða ehf. að fjárhæð 700 þús. kr. vegna kaupa á tækjum fyrir Orkuskólann á árinu 2005. Bent er á að fjárhagslegt tjón háskólans vegna Orkuskólans var umtalsvert en Háskólinn á Akureyri hefur þurft að færa niður kröfu í bókhaldi sínu á hendur Orkuvörðum ehf. sem ráku Orkuskólann um 15,7 m.kr. Sótt var um heimild til ríkisendurskoðanda til að afskrifa þá kröfu endanlega á árinu 2018 og var heimild til afskrifta veitt 3. september 2018.

### 8.1.3 Viðskiptakröfur og aðrar kröfur

Viðskiptakröfur og aðrar kröfur námu 85,7 kr. í árslok 2017 en þar af voru um 65,0 m.kr. bókaðar í AR hluta Orra.

Mismunur er á stöðu krafna í fjárhagsbókhaldi, GL og viðskiptamannabókhaldi AR. Staða viðskiptakrafna í AR hluta Orra nam 74,8 m.kr. sem er tæplega 9,8 m.kr. hærri fjárhæð en bókuð er í GL hluta Orra. Það skýrist af því að afskriftir á kröfum voru ekki færðar með réttum hætti í fjárhagsbókhaldi skólans á árinu 2016 og fyrr þar sem færslur voru gerðar í GL hluta Orra en ekki AR hluta Orra. Ríkisendurskoðun hafði veitt heimild fyrir afskrift á þessum kröfum. Í september 2018 var veitt heimild fyrir afskrift á á kröfu sem einnig er bókuð í AR að fjárhæð 15,7 m.kr. vegna Orkuvarða ehf. en gjaldþrotaskiptum fyrir félagið er lokið án þess að nokkuð fengist greitt af útistandandi kröfum. Aðrar kröfur í árslok 2017 voru vegna endurgreiðslu á virðisaukaskatti samtals að fjárhæð 3,8 m.kr. sem greiddar voru til skólans á fyrri helmingi ársins 2018.

Óskað er eftir að viðeigandi leiðréttingar verði gerðar vegna afskrifaðra krafna þannig að staða í fjárhagsbókhaldi sé sú sama og í viðskiptamannabókhaldi. Jafnframt er óskað eftir að aðrar

viðskiptakröfur verði yfirfarnar og viðeigandi ráðstafanir gerðar vegna þeirra en meðal annarra krafna er útstandandi krafa að fjárhæð 2,9 m.kr. sem ekki hefur enn verið gerð upp.

#### 8.1.4 Tengdir aðilar, ríkissjóður

Eignfærsla hjá ríkissjóði vegna orlofsskuldbindinga í árslok 2017 nam 105,5 m.kr. og er gerð samkvæmt fyrirmælum Fjársýslu ríkisins. Ekki er enn ljóst hvernig staðið verður að fjárveitingu til Háskólans á Akureyri vegna þessarar kröfu og því verður að hafa fyrirvara varðandi eignfærsluna.

#### 8.1.5 Vörslufé

Vörslufé sem fært er til eignar og skuldar í bókhaldi Háskólans á Akureyri nam 128,6 m.kr. í árslok 2017. Vörslufé er varðveitt á nokkrum aðgreindum bankareikningum í bókhaldi háskólans. Mismunur var á stöðu á þessum vörslufjárreikningum í banka og stöðu í bókhaldi kr. 5.669.374 sem skýrist af innborgunum í lok árs 2017 sem fóru inn á bankareikning háskólans. Leiðrétting var gerð á árinu 2018.

Eins og fram kemur í reglum sem Fjársýsla ríkisins hefur sett um vörslufé er átt við fjármuni sem stofnanir ríkissjóðs eru með í vörslu sinni og eru utan við hefðbundinn rekstur. Vörslufé telst ekki til handbærs fjár heldur er um að ræða vörslu og umsjón fjár fyrir annan aðila. Meðal vörslufjárreikninga Háskólans á Akureyri er í árslok 2017 bókuð 46,5 m.kr. staða vegna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála en um er að ræða uppsafnað ónotað framlag til Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Ríkisendurskoðandi telur ekki rétt að færa þetta með þessum hætti í bókhaldi skólans og ítrekar fyrri athugasemdir um málið. Í reikningsskilum A-hluta stofnana tíðkast almennt ekki að fresta tekjufærslu ríkisframlags milli ára. Eðlilegt gæti verið að stofna sérstakt fjárlagaviðfang til að halda utan um rekstur og eigið fé Rannsóknamiðstöðvar ferðamála. Lagt er til að farið verði yfir stöður á vörslufjárreikningum og það skoðað hvort um raunverulegt vörslufé sé að ræða og viðeigandi ráðstafanir gerðar ef svo er ekki. Sérstaklega er óskað eftir að farið verði yfir vörslufé sem bókað er á yfirstjórn og aðrar deildir.

#### 8.1.6 Handbært fé

Handbært fé nam 168,0 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 50,1 m.kr. frá fyrra ári. Staðfestingarbréf vegna bankareikninga voru send til fjögurra viðskiptabanka og tveggja sparisjóða og var niðurstaða á bankareikningum Háskólans á Akureyri í samræmi við bankayfirlit og stöðu fjárhagsbókhalds í árslok 2017. Um er að ræða sjö bankareikninga í Landsbankanum að fjárhæð 143,2 m.kr. og tvo bankareikninga í Íslandsbanka samtals að fjárhæð 24,8 m.kr. Fastir sjóðir hjá háskólanum námu 26 þús. kr. í árslok 2017 en um er að ræða skiptimyntasjóði í afgreiðslu háskólans, nemendaskrá og bókasafni.

Í lok árs 2017 voru kr. 5.669.374 lagðar inn á bankareikninga háskólans sem áttu að leggjast inn á bankareikninga vegna vörslufjár. Leiðrétting vegna þessa var gerð í fjárhagsbókhaldi á árinu 2018.

## 8.2 Eigið fé og skuldir

### 8.2.1 Höfuðstóll

Í lok árs 2017 var eigið fé 44,5 m.kr. og hafði batnað frá fyrra ári um 23,9 m.kr. eða sem nemur tekjuafgangi ársins 2017.

### 8.2.2 Tengdir aðilar, ríkissjóður

Í lok árs 2017 var skuld við tengda aðila 107,3 m.kr. en að stærstum hluta er um að ræða skuld við ríkissjóð að fjárhæð 102,8 m.kr. samanborið við 17,1 m.kr. skuld í lok síðasta árs.

Meðal skulda við tengda aðila er eldri skuld við Ríkiseignir sem ekki hefur verið gerð upp í bókhaldi háskólans. Óskað er eftir að skýringa verði leitað á þessari skuldastöðu og viðeigandi ráðstafanir gerðar vegna hennar.

### 8.2.3 Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir

Viðskiptaskuldir og aðrar skuldir námu 209,4 m.kr. í árslok 2017 en þar af nam orlofsskuldbinding vegna starfsmanna alls 118,6 m.kr. og ógreidd laun vegna launaleiðréttingar alls kr. 2,3 m.kr. Ógreidd gjöld í viðskiptamannabókhaldi, AP námu 42,6 m.kr. í árslok 2017.

Mismunur á stöðu ógreiddra gjalda í AP og GL nam 1.216 kr. en skýring var á þeim mismun. Ógreidd gjöld í viðskiptamannabókhaldi voru greidd í upphafi árs 2018. Ógreidd gjöld utan viðskiptamannabókhalds voru einkum vegna Stúdentafélags Háskólans á Akureyri og Félagsstofnunar stúdenta á Akureyri samtals að fjárhæð 10,2 m.kr. en þau voru gerð upp á árinu 2018. Fyrirfram innheimt skólagjöld námu 2,2 m.kr. í árslok 2017. Meðal viðskiptaskulda í árslok 2017 var 17,4 m.kr. skuld vegna fyrirhugaðra afskrifta Orkuvarða en gjaldþrotaskiptum á félaginu lauk í árslok 2015. Heimild til afskriftar var heimiluð á árinu 2018.

Frá og með árinu 2017 er orlofsskuldbinding gjaldfærð í rekstrarreikningum stofnana í A-hluta til samræmis við LOF. Á móti kemur skuldfærsla í efnahagsreikningi. Staðan var 118,6 m.kr. í árslok 2017 og hafði hækkað um 13,5 m.kr. frá fyrra ári. Orlofsskuldbinding er yfirfarin hjá Fjársýslu ríkisins. Ógreidd laun í árslok 2017 stafa eingöngu af leiðréttingu sem gerð var vegna afturvirkra ákvæða í kjarasamningum sem gerðir voru á árinu 2018. Um var að ræða leiðréttingu á launum ársins 2017 sem greidd var út 1. mars 2018.

### 8.2.4 Vörslufé

Vörslufé sem fært er til eignar og skuldar í bókhaldi Háskólans á Akureyri nam 128,6 m. kr. í árslok 2017, sjá nánar umfjöllun í kafla 8.1.5.

### 8.2.5 Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda

Fyrirframgreiddar tekjur eða frestun tekjufærslu vegna fjárveitingar til fjárfestinga er nýr skuldaliður í framhaldi af þeirri breytingu samkvæmt LOF að gjaldfæra einungis afskriftir af búnaði. Fram til ársins 2017 voru kaup á eignum svo sem húsbúnaði, tækjabúnaði, tölvum og stærri eignum svo sem bifreiðum og fasteignum gjaldfærðar hjá stofnunum í A-hluta á kaupári og fjárveiting til kaupanna tekjufærð á sama ári.

Frá og með 2017 eru slík kaup eignfærð og reiknaðar árlegar afskriftir af eignum. Þær fjárveitingar sem eru til kaupanna eru því færðar skuldamegin í efnahagsreikningi að frádregnum þeim fjárheimildum sem eru færðar í rekstrarreikning á móti afskriftum.

Frestun tekjufærslu fjárfestingaheimilda nam 125,5 m.kr. í árslok 2017 samanborið við 81,5 m.kr. í stofnefnahagsreikningi 1. janúar 2017 sem er hækkun um tæplega 44,0 m.kr. Fjárfesting hjá Háskólanum á Akureyri í tækjum, búnaði og áhöldum nam 70,4 m.kr. en afskriftir ársins að fjárhæð 26,4 m.kr. koma til lækkunar.

### 8.3 Niðurstöður/ábingar

Bent er á eftirfarandi atriði sem taka þarf til skoðunar vegna stöðu í efnahagsreikningi í lok árs 2017:

- ✓ Fara þarf yfir og laga hugsanlegar skekkjur í eignaskrá fyrir lok árs 2018, sem gætu verið til staðar samkvæmt upplýsingum frá háskólanum. Gæta þarf að því að eignaskrá í fjárhagsbókhalði sé í samræmi við eignaskráningarkerfi skólans.
- ✓ Gerð er athugasemd við að ekki hafi verið aflað formlegs samþykkis frá mennta- og menningarmálaráðuneyti vegna fjárhagslegrar endurskipulagningar Þekkingarvarða ehf. og er óskað eftir að frá því verði gengið. Jafnframt er gerð athugasemd við greiðslu háskólans til Þekkingarvarða ehf. að fjárhæð 700 þús. kr. vegna kaupa á tækjum fyrir Orkuskólann á árinu 2005. Bent er á að fjárhagslegt tjón háskólans vegna Orkuskólans var umtalsvert en Háskólinn á Akureyri hefur þurft að færa niður kröfu í bókhalði sinu á hendur Orkuvörðum ehf. og að hlutafé Háskólans í Þekkingarvörðum ehf. var fært niður á árinu 2016.
- ✓ Óskað er eftir að viðeigandi leiðréttingar verði gerðar vegna afskrifaðra krafna bæði í fjárhagsbókhalði og viðskiptamannabókhalði þannig að staða í fjárhagsbókhalði sé sú sama og í viðskiptamannabókhalði. Jafnframt er óskað eftir að aðrar viðskiptakröfur verði yfirfarnar og viðeigandi ráðstafanir gerðar vegna þeirra.
- ✓ Með vörslufé er átt við fjármuni sem stofnanir ríkissjóðs eru með í vörslu sinni og eru utan við hefðbundinn rekstur. Fara þarf yfir vörslufé skólans m.t.t. þessa. Sérstaklega er gerð athugasemd við stöðu vegna Rannsóknamiðstöðvar ferðamála að fjárhæð 46,5 m.kr. en um er að ræða uppsafnað framlag til Rannsóknamiðstöðvarinnar. Ríkisendurskoðandi telur ekki rétt að færa þetta með þessum hætti í bókhalði skólans og ítrekar fyrri athugasemdir um málið. Þá er mikilvægt að farið verði yfir stöður á vörslufjárreikningum og skoðað hvort um raunverulegt vörslufé sé að ræða og viðeigandi ráðstafanir gerðar ef ekki er um vörslufé að ræða.

## 9 Önnur atriði

### 9.1 Samþykkt ársreiknings

Ársreikningur Háskólans á Akureyri var samþykktur af rektor án fyrirvara 13. september 2018.

### 9.2 Staðfestingarbréf stjórnenda

Staðfestingarbréf stjórnenda, sem sent var til skólans af Fjársýslu ríkisins, var samþykkt og undirritað af rektor 13. september 2018.

### 9.3 Lögfræðibréf

Ekki var óskað sérstaklega eftir lögfræðibréfi. Samkvæmt upplýsingum forstöðumanns, meðal annars í staðfestingarbréfi stjórnenda, voru engin málaferli í gangi varðandi stofnunina. Bókaður lögfræðikostnaður var um 317 þús. kr. á árinu 2017.

### 9.4 Óhæðisyfirlýsing

Fyrir liggja undirritaðar óhæðisyfirlýsingar þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem sáu um endurskoðun hjá Háskólanum á Akureyri.

### 9.5 Umfang endurskoðunar, yfirlýsing

Yfirlýsing um umfang endurskoðunar hjá Háskólanum á Akureyri var undirrituð af ríkisendurskoðanda og rektor Háskólans á Akureyri 22. janúar 2016.

Í yfirlýsingunni er gerð grein fyrir ábyrgð og hlutverki hvors aðila varðandi reikningsskil Háskólans á Akureyri.



Ríkisendurskoðun  
Bríetartúni 7 – 105 Reykjavík  
Sími 569-7100

[postur@rikisendurskodun.is](mailto:postur@rikisendurskodun.is) – [www.rikisendurskodun.is](http://www.rikisendurskodun.is)